

Nd.

### 34. Frumvarp til laga

[34. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hálshús í Reykjarfjarðarhreppi.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Sigurður Bjarnason, Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Ásgeiri Svanbergssyni bónda að Þúfum í Reykjarfjarðarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu eyðijörðina Hálshús í sama hreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk bóndans að Þúfum í Reykjarfjarðarhreppi. Lönd jarðanna Þúfna og Hálshúsa liggja saman. Hálshús eru lítið kot, og hafa þau um margra ára skeið verið í eyði, og eru öll jarðarhús fyrir löngu fallin. Bæði núverandi bóndi á Þúfum og fyrirrennari hans hafa haft leiguafnot af Hálshúsum.

Leitað hefur verið umsagnar héraðsráðunautarins í Norður-Ísafjarðarsýslu um sölu þessarar jarðar, og telur hann fráleitt að mæla með því, að Hálshús endurbyggist. — Umsögn hans er birt sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Þá mælir hreppsnefnd Reykjarfjarðarhrepps einnig með því, að Ásgeiri bónda Svanbergssyni, Þúfum, verði gefinn kostur á að kaupa umrætt kot og bæta þannig nokkuð úr þörf Þúfna fyrir aukið landrými til ræktunar.

#### Fylgiskjal I.

Bréf héraðsráðunautar.

Ísafirði, 24. sept. 1965.

Herra Ásgeir Svanbergsson, bóndi, Þúfum.

Með tilvísun til bréfs þíns, dags. 28/8 '65, þar sem þú leitar álits míns um, hvort nauðsynlegt sé, að þú eignist eyðijörðina Hálshús, hef ég þetta að segja:

- I. Búrekstrargildi Hálshúsa er það lítið, að fráleitt er að mæla með því, að þau endurbyggist, auk þess sem engin mannvirki, hvorki hús né ræktun, mæla með endurbyggingu jarðarinnar.
- II. Með tilliti til nærliggjandi byggðar er hagstæðast og eðlilegast, að Hálshús falli undir Þúfur, sem sökum ónógra landgæða eru vafasamar sem framtíðarþýli. Þótt Þúfur eigi gott beitarnland, þá vegur það ekki á móti því, sem jörðina vantar af ræktanlegu landi til túnauka í framtíðinni, — en þar mundu Hálshús geta orðið til allgóðrar uppfyllingar.

Virðingarfyllst,

Jón Guðjónsson.

#### Fylgiskjal II.

Útdráttur úr gjörðabók hreppsnefndar Reykjarfjarðarhrepps.

Á hreppsnefndarfundi 5. sept. 1965 var tekið fyrir eftirfarandi: ...

Lögð fram beiðni frá Ásgeiri Svanbergssyni, Þúfum, um, að hreppsnefndin mæli með því, að honum verði veitt kaupheimild á kirkjujörðinni Hálshúsum í Reykjarfjarðarhreppi, sem hann hefur haft ábúðarrétt á undanfarin ár.

Hreppsnefndin samþykkti í einu hljóði að mæla með þessari beiðni.

Réttan útdrátt úr fundargerðabók hreppsnefndar Reykjarfjarðarhrepps staðfestir

Þúfum, 6. sept. 1965,

Páll Pálsson  
oddviti.